

Fimmtudaginn 1. mars 1990.

Nr. 462/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Jóhanni Borg Samúel Jónssyni

(Jóhann Þórðarson hdl.).

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið hins vegar staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, til vara, að refsing verði látin falla niður, og til þrautavara, að dæmd verði vægasta refsing, sem lög leyfa, og refsing verði þá skilorðsbundin.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Jóhann Borg Samúel Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. október 1989.

Ár 1989, föstudaginn 13. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 477/1989: Ákærvaldið gegn Jóhanni Borg Samúel Jónssyni, sem tekið var til dóms þann 4. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 3. apríl sl., á hendur Jóhanni Borg Samúel Jónssyni, atvinnulausum, Hverfisgötu 66 A, Reykjavík, fæddum 14. maí 1938 í Reykjavík, „fyrir að hafa á árinu 1988 og til 2. febrúar 1989 í ávinningsskyni margsinnis haft milligöngu um það í Reykjavík, að fólk hefði holdlegar samfarir, og í þessu skyni haft á sínum snærum fimm nafngreindar stúlkur, sem hann kom í sambönd við karla, er leituðu til hans samkvæmt auglýsingum frá honum, og jafnframt selt á leigu herbergi heima hjá sér til kynmakanna, en að jafnaði greiddi hver karl ákærða kr. 2.000 fyrir hvert skipti með einhverri stúlkunna, sem voru á vegum ákærða með framangreindum hætti, sem hér segir: S.B.G., fædd 26. mars 1965 (svo), og B.E., fædd 14. maí 1959, báðar allt framan- greint tímabil, H.Þ., fædd 1. maí 1954, frá sumri 1988 til 2. febrúar 1989, er hún var handtekin heima hjá ákærða, H.H.Þ., fædd 11. ágúst 1964, frá hausti 1988 til janúar/febrúar 1989, og L.G., fædd 31. ágúst 1960, fyrri hluta árs 1988.

Telst framangreint athæfi ákærða varða við 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði heldur uppi vörnum í málinu, og hefur verjandi hans krafist þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að refsing verði felld niður. Til þrautavara er þess krafist, að dæmd verði vægasta refsing og hún höfð skilorðsbundin. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna að mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að sumarið og haustið 1988 bárust upplýsingar til lögreglu um, að ákærði hefði milligöngu um vændisstarfsemi. Átti starfsemin bæði að fara fram á heimili hans og einnig þannig, að hann æki stúlkum til karlmanna í sama tilgangi. Þessi grunur leiddi til þess, að þann 2. febrúar sl. var kveðinn upp handtöku- og húsleitarúrskurður á hendur ákærða í sakadómi Reykjavíkur. Að kvöldi sama dags fóru lögreglumenn á heimili hans og handtöku hann ásamt tveimur stúlkum, sem nefndar eru í ákærunni, og tveimur karlmönnum. Var annar þeirra viðskiptavinur annarrar stúlkunnar. Daginn eftir var ákærði úrskurðaður í einnar viku gæsluvarðhald.

Stúlkur þær, sem nefndar eru í ákærunni, hafa allar verið yfirheyrðar, bæði af lögreglu og fyrir dómi. Verður nú framburður hverrar fyrir sig reifaður og í framhaldi af því framburður ákærða.

S.B.G., sem fædd er 1969, en ekki 1965, eins og í ákæru segir, kvaðst fyrst hafa kynnst ákærða, þegar hún var 17 ára gömul og þá í gegnum (sic) stúlkuna B.E., sem einnig er nefnd í ákærunni. Saman hafi þær farið til ákærða í eitt sinn, er þær vantaði áfengi, og hafði S.B.G. mök við ákærða,

og fengu þær áfengi í staðinn. Upp frá því og allt til 2. febrúar sl. kvaðst S.B.G. hafa haft meira og minna framfæri sitt af því að hafa kynmök við karlmenn með milligöngu ákærða. Þetta fór bæði þannig fram, að ákærði setti sig í samband við hana og kvaðst hafa karlmenn á sínum snærum, er myndu vilja hafa við hana samfarir gegn greiðslu, og eins leitaði hún til ákærða og bað hann að koma sér í samband við karlmenn til hins sama. Hún kvaðst hafa átt mök við karlmenn bæði heima hjá ákærða og eins annars staðar fyrir hans milligöngu. Fyrir hverja milligöngu hafi ákærði fengið 2.000 krónur, er karlmennirnir greiddu honum, en hún hafi ekkert þurft að borga honum fyrir milligönguna. Hún hafi hins vegar greitt honum húsaleigu svo og fyrir áfengi, er hann útvegaði henni, en hún kveðst alltaf hafa verið drukkin í þessu starfi. Ekki mundi hún, hvort hún leigði fast herbergi hjá ákærða á því tímabili, sem ákæran tekur til, en þegar hún hafði ekki fast herbergi á leigu, leigði hún það eingöngu til að hafa samfarir við karlmenn í einstök skipti. Einnig kom það fram hjá henni, að hún hafi stundað vændi án milligöngu ákærða og hann þá engar greiðslur fengið.

B.E. kvaðst hafa búið í nágrenni ákærða og fyrst kynnst honum fyrir um það bil þremur árum. Á þeim tíma hafi hann haft við hana kynmök í ein tvö skipti gegn greiðslu, en þegar hann vildi hafa við hana mök án greiðslu hafi hún neitað. Hann hafi síðan hvatt hana til að selja sig karlmönnum til kynmaka, og hafi hann ætlað að sjá um að útvega þá. Hún hafi í fyrstu ekki viljað þetta, en síðan látið til leiðast. Ákærði hafi haft milligöngu um að útvega henni viðskiptavinum og þegið greiðslur frá þeim fyrir, í fyrstu 1.000 krónur, en síðar 2.000. Hún sjálf hafi í fyrstu tekið 3.000 krónur, en hækkað sig í 5.000, þegar ákærði hækkaði sitt gjald. Þessa starfsemi stundaði hún bæði heima hjá ákærða, og eins ók hann henni til fundar við karlmenn, eða þeir komu og sóttu hana. Þegar hún var við þetta heima hjá ákærða, greiddu karlmennirnir honum húsaleigu, en sjálf kvaðst hún aldrei hafa greitt honum neitt. B.E. kvað það hafa komið sér vel að hafa getað með þessu orðið sér úti um aukapening, sem henni hafi ekki verið vanþörf á vegna fátæktar, en hún er atvinnulaus og auk þess 75% öryrki vegna andlegrar örorku. Hafi hún ekki annað sér til framfæris en örorkubætur og framlag frá Félagsmálastofnun.

H.Þ. var önnur þeirra stúlkna, er handtekin var (sic) heima hjá ákærða og fyrr var frá sagt. Var þar með henni karlmaður, er þá nýlega hafði haft við hana samfarir gegn greiðslu. Hún hefur skýrt svo frá, að hún hafi kynnst ákærða sumarið 1988 og hann þá tjáð henni, að hann hefði um það milligöngu að útvega stúlkum karlmenn og tæki fyrir það greiðslu. Bauð ákærði henni að útvega henni karlmenn, er hún gæti haft samfarir við gegn greiðslu. Varð það úr, að H.Þ. fór að stunda vændi með milligöngu ákærða, er átti frumkvæðið að því í hvert skipti. Fór þetta ýmist

fram heima hjá ákærða eða hjá karlmönnum úti í bæ. Greiddu þeir ákærða fyrir milligönguna og leigu fyrir herbergi, ef því var að skipta, en H.Þ. fyrir greiðann. Ekki greiddi hún ákærða neitt. Hún kvaðst hafa leitað eftir því hjá ákærða, að hann kæmi henni í kynni við karlmann með hjúskap fyrir augum, en ekkert hafi orðið af því.

H.H.Þ. leigði hjá ákærða frá því um haustið 1986 þar til í janúar sl. Hún kvaðst hafa stundað þar vændi og hafa byrjað á því sjálf, en milliganga ákærða komið til síðar. Það hafi gerst þannig, að haustið 1988 hafi hana vantað áfengi, en verið bæði atvinnu- og peningalaus og því spurt ákærða, hvort hann gæti ekki útvegað sér karlmann til að hafa samfarir við gegn greiðslu. Hann hafi sagst geta það og síðan haft um það milligöngu fyrir hana frá þessum tíma þar til í janúar sl. að útvega henni karlmenn, er höfðu við hana samfarir gegn greiðslu. Fyrir hverja milligöngu fékk ákærði 2.000 krónur, er karlmennirnir greiddu honum. Sjálf fékk hún 4.000 til 10.000 krónur fyrir hvert skipti, en af því kvaðst hún hafa þurft að greiða ákærða 500 krónur fyrir hverja nótt, er hún hafði herbergi hjá honum. Einnig fór hún til karlmanna úti í bæ, og komu þeir þá annaðhvort til að sækja hana eða ákærði ók henni til þeirra.

L.G. hefur skýrt frá því, að S.B.G. hafi sagt sér, að ákærði gæti komið henni í samband við karlmenn til að hafa við samfarir gegn greiðslu. Hafi hún þannig komist í kynni við ákærða í byrjun árs 1988, er hún var nýkomin heim frá Bandaríkjunum. Var hún þá í óreglu og átti í vandræðum með að fjármagna hana. Hún hafi á fyrri hluta þess árs haft fjórum til fimm sinnum kynmök við karlmenn gegn greiðslu fyrir milligöngu ákærða, er þáði greiðslu frá þeim fyrir. Sjálf hafi hún aldrei greitt honum neitt. Þessi mök fóru aldrei fram heima hjá ákærða, en hann hafi í tvö skipti ekið sér til fundar við karlmenn.

Eins og fyrr sagði, var ákærði handtekinn þann 2. febrúar sl. og yfirheyrður samdægurs af lögreglunni. Daginn eftir var lögð fram krafa á hendur honum um gæsluvarðhald, og var hann þá yfirheyrður fyrir dómi. Hann sat í gæsluvarðhaldi til 10. febrúar og var á þeim tíma yfirheyrður þrem sinnum af lögreglunni. Verður nú fyrst reifaður framburður hans hjá lögreglu og fyrir dómi vegna gæsluvarðhaldskröfunnar og síðan framburður hans fyrir dómi eftir útgáfu ákæru.

Við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu lýsir ákærði því, að hann hafi það að atvinnu að koma á samböndum milli karla og kvenna og taki fyrir það greiðslur. Fyrir að koma á sambandi við stúlku á aldrinum 16 til 18 ára taki hann 6.000 krónur, en 2.000 krónur fyrir að koma á sambandi við konu eldri en 18 ára. Þetta fari þannig fram, að hringt sé í hann og óskað eftir því að komast í samband við aðra persónu, og gefi hann þá upp símanúmer viðkomandi gegn greiðslu. Þá kvaðst hann einnig leigja út herbergi

til einnar nætur og taka fyrir það 1.000 krónur. Aðspurður, hvort hann hafi á sínum snærum stúlkur, er hafi kynmök við menn gegn greiðslu, svarar hann því til, „að það séu voða fáar stelpur, eitthvað 6 slíkar, en þær komi til mætta og hangi heima hjá honum, þar til að einhver karlmaður hringir eða kemur, og kveðst mætti þá taka 2.000 krónur fyrir að koma karlmanninum í samband við stúlkuna, sem bíður. Hann kveðst einnig einstaka sinnum þá leigja herbergi, en oftast fari þessir menn með stúlkurnar“.

Hinn 3. febrúar sl. kom ákærði fyrir sakadóm og var yfirheyrður vegna kröfu rannsóknarlögreglunnar um, að hann skyldi sæta gæsluvarðhaldi. Þá er bókað eftir honum: „Kærði kveðst vilja lýsa starfsemi sinni þannig, að hann hafi haft milligöngu um að koma áfengissjúklingum saman í þeim tilgangi, að þeir gætu neytt áfengis í félagi svo og haft kynmök. Kærði kveðst hafa tekið gjald af karlmönnum fyrir að koma þeim í kynni við stúlkur og kveður hann þá hafa greitt með giró eða í reiðufé og hafi greiðslan verið 2.000 krónur. Kærði kveður viðskiptin hafa gengið þannig fyrir sig, að hann hafi komið kynnum á, en einnig hafi komið fyrir, að hann hafi eftir beiðni karlmanna útvegað þeim stúlku til kynmaka gegn gjaldi.“ Síðan kveðst ákærði hafa sex stúlkur á sínum snærum til þessara starfa, en tvær sinni því mest. Kveðst hann ekki vilja nafngreina þær, en þær séu illa farnar af áfengisneyslu og viti lítið, hvað þær séu að gera. Einnig kveðst hann fá óskir um að senda stúlkur heim til karlmanna, og hafi hann tekið 2.000 krónur fyrir slíka þjónustu. Þá er bókað eftir honum, að hann hafi lífsviðurværi sitt af þessari starfsemi, og hafi svo verið frá sumrinu áður, þ.e. 1988.

Næst er ákærði yfirheyrður af lögreglu þann 7. febrúar og þá fyrst spurður um hjónamiðlun, er hann stundaði. Skýrði hann frá því, að hann hefði auglýst í einkamáladálki DV og sömuleiðis dreift bréfi, þar sem kynnt var, hvernig hann tæki að sér að útvega karlmönnum kvenfólk og kvenfólki karlmenn á aldrinum 16 til 70 ára. Þessu næst er bókað eftir honum: „Mætti kveðst jafnframt viðurkenna það, að hann hafi haft milligöngu um að útvega mönnum stúlkur til kynmaka, en hann kveðst ekki á neinn hátt hafa skipt sér af því, öðru vísi en svo, að ónafngreindir menn hafi við ýmis tilvik hringt til hans og spurt, hvort einhver stúlka væri á staðnum hjá honum, sem tilbúin væri til að láta hafa samfarir við sig. Ef svo hafi verið, kveðst mætti hafa svarað því játandi. Síðan hafi þessir menn komið heim til hans og þá ýmist tekið stúlkurnar með sér og þá greitt mætta kr. 2.000 fyrir að fá að hitta þær, eða þeir hafi greitt mætta sömu upphæð fyrir að fá að fara með þeim inn í fundarherbergið og hafa við þær samfarir, sem þeir hafi síðan greitt stúlkunum fyrir. Mætti kveðst hafa útbúið þetta fundarherbergi sjálfur, en þar hafi verið tvö uppábúin rúm, veggir

herbergisins eru skreyttar með myndum af fáklæddum stúlkum, og í glugga herbergisins er pakki af verjum til nota fyrir þá karlmenn, sem það vildu.“ Einnig viðurkenndi ákærði í þessari yfirheyrslu, að hafi (sic) í einhver skipti ekið stúlkunum til fundar við karlmenn og þá vitað, að til hafi staðið að hafa kynmök. Í þessari yfirheyrslu og einnig síðar var ákærða kynntur framburður stúlnanna, sem nefndar eru í ákærinni og að framan var rakinn. Kvað hann þær hafa skýrt rétt frá í skýrslum sínum, a.m.k. hvað varðaði þau atriði, er reifuð eru fyrr í dóminum.

Ákærði var yfirheyrdur fyrir dómi vegna þessa máls þann 17. maí sl. Þá skýrði hann svo frá, að hann hafi frá 1. júní 1988 rekið hjónamiðlun á heimili sínu. Bæði karlar og konur hafi leitað til hans með það fyrir augum að komast í fast samband, og kvað hann sér hafa verið sagt, að nokkur hjónabönd hafi stofnast fyrir hans tilstuðlan. Í fyrstu hafi karlar greitt honum 1.000 krónur fyrir að koma á sambandi, en síðar hafi gjaldið hækkað í 2.000 krónur.

Hann kvaðst hafa eignast íbúðina að Laugavegi 51 B árið 1965, en ekki byrjað að leigja út herbergi fyrr en 1986. Meðal leigjenda voru þær S.B.G., H.H.Þ. og B.E., sem nefndar eru í ákærinni. Hinar tvær, H.Þ. og L.G., hafi komið til leigjendanna sem gestir. Hann kvað sér hafa verið kunnugt um, að allar þessar stúlkur stunduðu vændi í hans húsum og hafi þær sjálfar haft milligöngu um að útvega sér viðskiptavinum. Þær hafi gefið upp símanúmerið heima hjá honum, og þangað hafi karlmenn hringt bæði dag og nótt og þá spurt eftir ákveðinni stúlkunni. Aldrei hafi hann verið beðinn að útvega stúlkunni, og neitaði hann því alfarið (sic) að hafa haft um það milligöngu, að umræddar stúlkur stunduðu vændi í íbúð hans. Hins vegar hafi bæði þær svo og karlmenn leigt herbergi hjá honum fyrir 1.000 krónur á sólarhring, og hafi sér verið kunnugt um, að það var gert til að hafa þar kynmök. Einnig neitaði hann að hafa sent stúlkur til karlmanna úti í bæ, en komið hafi fyrir, að hann hafi ekið þeim þangað og vitað, að þær voru að selja sig, en ekkert fé þegið fyrir aksturinn. Honum var nú kynntur framburður stúlnanna hjá lögreglu, og kvað hann þær rugla því saman, að hann hafi náð í þær í símann og talið hann vera að selja þær. Þá var honum kynntur framburður hans hjá lögreglu, þar sem hann hafði viðurkennt framburð stúlnanna réttan, og kvaðst hann þá minnst þess að hafa viðurkennt hann réttan. Honum var nú kynntur framburður hans fyrir sakadómi frá 3. febrúar, og kvaðst hann þar ábyggilega hafa átt við hjónamiðlunina. Ítrekað (sic) aðspurður neitaði ákærði að hafa haft milligöngu um vændisstarfsemi, en viðurkenndi að hafa leigt út herbergi til stúlkna, er stunduðu þar vændi, og kvað það hafa staðið yfir allt árið 1988 og fram til 2. febrúar 1989.

Síðast kom ákærði fyrir dóm þann 6. september sl. Var honum þá kynntur framburður umræddra stúlkna fyrir dómi, sem rakinn var hér að framan.

Hann hélt fast við fyrri framburð og neitaði að hafa haft milligöngu um vændisstarfsemi í íbúð sinni.

Niðurstaða.

Eins og nú hefur verið rakið, er það samhljóða framburður þeirra fimm stúlkna, sem nefndar eru í ákærinni, að þær hafi stundað vændi með milligöngu ákærða, þar af fjórar á heimili hans og annars staðar, en hin fimmta eingöngu annars staðar. Þetta átti sér stað á þeim tíma, sem tilgreindur er í ákærinni. Allar bera þær, að ákærði hafi þegið fé fyrir milligönguna, þótt það hafi ekki verið frá þeim komið, heldur viðskiptavinum þeirra, einnig, að hann hafi leigt herbergi til fjögurra þeirra og karlmanna til að hafa þar kynmök. Hið síðargreinda atriði hefur ákærði reyndar játað hér fyrir dómi, svo sem rakið var. Með vísan til þessa er sannað þrátt fyrir neitun ákærða hér fyrir dómi, eins og að framan en rakið, að hann hefur gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa í ávinningsskyni haft um það milligöngu, að fólk hefði holdlegar samfarir, eins og rakið er í ákæruskjalinu og ákærði hafði reyndar játað við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir sakadómi, þegar krafist var gæsluvarðhalds yfir honum.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og telst hún hæfileg 6 mánaða fangelsi. Með hliðsjón af sakaferli ákærða, en samkvæmt sakavottorði hefur hann aldrei áður hlotið refsidóm, en var sektaður fyrir umferðarlagabrot 1975, svo og aðstæðum hans þykir rétt að fresta fullnustu helmings refsingarinnar, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Til frádráttar hinum óskilorðsbundna hluta refsingarinnar skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærða í 8 daga.

Loks ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóhanns Þórðarsonar hrl., kr. 70.000, auk söluskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Borg Samúel Jónsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fresta skal fullnustu 3 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Til frádráttar hinum óskilorðsbundna hluta refsingarinnar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hrl., krónur 70.000, auk söluskatts.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.